

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 15. nóvember 2024.

Mál nr. S-175/2024:

Héraðssaksóknari

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Lúðvík Bergvinsson lögmaður)

Dómur

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 2. maí 2024 og dómtekið 27. september síðastliðinn, var höfðað með ákæru Héraðssaksóknara þann 21. mars 2024, á hendur X

fyrir kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa á árinu [...] til febrúar eða mars [...], að þáverandi heimili þeirra að A, brotið gegn stjúpdóttur sinni B með því að slá stúlkuna í fjölda skipta á rassinn og í eitt skipti nuddað beran rass hennar, læri og innanverð læri, en stúlkan var 12-14 ára gömul á þessum tíma.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru er tilgreind svohljóðandi einkaréttarkrafa:

Af hálfu C, vegna ólöggráða dóttur hennar B, er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. maí [sic] til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakarafa þessi er kynnt fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.

Brotapoli náði skömmu eftir höfðun málsins átján ára aldri.

Ákærði mætti við þingfestingu málsins, neitaði sök og hafnaði framkominni bótakröfu. Að beiðni ákærða var Lúðvík Bergvinsson lögmaður skipaður verjandi hans. Aðalmeðferð málsins fór fram þann 27. september 2024 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Ákæruvaldið gerir þær kröfur sem í ákæru greinir. Þá gerir brotþoli, B, þær einkaréttarkröfur sem í ákæru greinir. Rétt er að taka fram að við upptöku einkaréttarkröfu brotþola í ákæru hefur fallið út ártal í vaxtakröfu, en í kröfugerð brotþola í framlagðri greinargerð hennar kemur fram að krafist sé vaxta frá 24. maí 2021. Var bókað um framangreinda ritvillu í ákæru við aðalmeðferð málsins og sætti leiðrétting hennar ekki athugasemdum af hálfu ákærða. Af hálfu ákærða er krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi, en til vara að ákærði verði sýknaður af einkaréttarkröfunni. Til þrautavara krefst ákærði þess að fjárhæð einkaréttarkröfunnar verið stórlega lækkuð. Enn fremur er þess krafist af hálfu ákærða að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

II.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, dagsettri 1. september [...], barst lögreglu beiðni um lögreglurannsókn samkvæmt 98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 frá félagsþjónustusviði D þann 31. ágúst sama ár. Segir í frumskýrslu lögreglu að grunur hafi verið uppi um að ákærði hefði brotið gegn brotþola, stúlkunni B á A.

Í framangreindri beiðni barnaverndar um lögreglurannsókn, sem liggur frammi í málinu, er rakið að móðir brotþola hafi hringt í bakvaktarsíma barnaverndar þann 28. maí [...]. Hún hafi verið í uppnámi og gefið óljósar upplýsingar um atvik. Þann 4. ágúst [...] hafi barnavernd síðan borist formleg tilkynning frá móður brotþola um kynferðisbrot. Hafi móðir brotþola ritað barnavernd bréf og hún einnig mætt þar til viðtals. Í bréfi D segir að móðir brotþola hafi greint svo frá að [...]. Þau hafi [...]. Að kvöldi 24. maí [...] hafi móðir brotþola verið gengin til hvílu. [...]

Í erindi barnaverndar er enn fremur rakið að móðir brotþola hafi [...], eða þann 25. maí [...]. Í kjölfar atvika kvöldsins hafi móðirin rifjað upp hegðun ákærða sem henni hafi

þótt sérstök. [...]. Þá hafi ákærði jafnframt sett óviðeigandi athugasemd á *Facebook* síðu brotaþola. Móðirin hafi einnig skýrt frá því að í eitt skipti hafi ákærði boðist til að nudda brotaþola, og hafi til þess notað olíu. Er móðir brotaþola hafi komið inn í herbergi, hvar ákærði og brotaþoli voru, hafi hún tekið eftir því að olían hafi náð frá kálfum brotaþola og alveg upp að rasskinn. Móðirin kvaðst hvorki hafa greint dóttur sinni [...]

Brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu þann 7. september [...]. Greindi hún frá því að hún hafi kynnst ákærða og fjölskyldu hans er hún var fimm eða sex ára. Samband þeirra hafi verið venjulegt, en tekið breytingum eftir því sem hún hafi orðið eldri. Þannig skýrði brotaþoli frá því að ákærði hafi alltaf verið að rasskella hana og vinkonu hennar. Þetta hafi ákærði gert í gríni en brotaþola fundist það óþægilegt. Brotaþoli hafi greint móður sinni frá þessu og beðið hana um að ræða við ákærða um að hætta. Hann hafi látið af þessari hegðun sinni í nokkra mánuði, en síðan tekið hana upp aftur. Ákærði hafi í eitt skipti rasskellt brotaþola og sagt „þér gæti líkað við þetta“, en það hafi brotaþola fundist ógeðslegt. Kvaðst brotaþoli ekki muna hvenær umrætt atvik hafi átt sér stað, en kvað ákærða hafa rasskellt sig frá tólf ára aldri. Brotaþoli greindi lögreglu einnig frá því að ákærði hafi eitt kvöldið í febrúar eða mars árið [...] nuddað hana. Hún hafi kennt til í bakinu eftir langan vinnudag og ákærði hafi boðist til að nudda hana. Þau hafi verið í [...] brotaþola og ákærða og brotaþoli verið klædd bol og náttstuttbuxum. Ákærði hafi nuddað bak hennar með kókosolíu en síðan fært hendur sínar neðar og farið undir stuttbuxur hennar og nuddað þar. Brotaþoli kvað ákærða hafa spurt hana hvar hana kenndi til og hún vísað á bak sitt, en ákærði hafi samt sem áður fært hendur sínar neðar og að rassi hennar. Einnig hafi hann nuddað á henni fæturna, innanverð lærin, lyft stuttbuxum hennar og nuddað upp á rasskinnar. Kvað brotaþoli ákærða ekki hafa nuddað nærri kynfærum hennar, heldur læri og rass. Vinkona brotaþola, E, hafi verið viðstödd atvikið og einnig verið í [...] umrætt kvöld en aðspurð kvað brotaþoli hana ekkert hafa sagt. Kvað brotaþoli E þó hafa þótt þetta skrítið. Þá hafi móðir brotaþola einnig vítað af því að ákærði væri að nudda brotaþola, en brotaþoli hafi kallað til móður sinnar úr hjónaherberginu, en engin svör fengið. [...].

Vitnið C, móðir brotaþola, mætti til skýrslutöku hjá lögreglu þann 8. september [...]. Greindi hún nánar frá atvikum kvöldsins þann 24. maí [...]. Bar vitnið þar í meginatriðum með sama hætti og áður er lýst [...]. Þá lýsti vitnið samskiptum sínum við ákærða í

kjölfarið með sama hætti og áður er rakið. Þá hafi vitnið kveðið fleiri atvik hafa runnið upp fyrir sér. [...]. Einnig hafi brotþoli kvartað undan því að ákærði hafi slegið hana í rassinn. Vinkona brotþola, vitnið E, hafi jafnframt kvartað undan því að ákærði hafi slegið hana fast í rassinn. Brotþoli hafi beðið vitnið um að ræða við ákærða, sem hún hafi gert, en ákærði gefið þau svör að það væri „drama í stelpunum“ og að ekkert mætti. Þá kvað vitnið brotþola hafa í eitt skipti fundið fyrir verk í baki og ákærði þá nuddað brotþola. Er vitnið hafi síðar gengið inn í herbergið hvar ákærði og brotþoli voru hafi hún séð brotþola liggja á maganum, íklædda stuttum náttbuxum, og að á fótleggjum brotþola, innanverðu lærum og á rasskinnnum hennar hafi verið olía. Ákærði hafi sagt þar vera „punkta“ til að nudda. Brotþoli hafi greint vitninu frá því að hún hafi reynt að kalla á hana. Í herberginu hafi einnig verið áður nefnd vinkona brotþola, vitnið E.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 20. september [...]. Kvað hann tengsl sín við brotþola alla tíð hafa verið góð. Hann hafi kynnst henni er hún var um fimm ára gömul og nánast alið hana upp. Samband hans við móður brotþola, vitnið C, væri hins vegar ekki gott og kvaðst hann eiga erfitt með að fyrirgefa henni fyrir að hafa sakað hann um að „njósna um“ brotþola. [...] Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa nuddað brotþola. Í eitt skipti hafi brotþoli verið með krampa í kálfa og hann því nuddað hana. Þá hafi brotþoli síðar meir kvartað undan verki í öxl og mjöðm og hann nuddað hana að hennar ósk með kókosolíu. Þau hafi verið [...], en þar hafi einnig verið viðstödd vitnið E. Hann hafi nuddað herðablöð brotþola og kálfa með olíu. Einnig hafi hann nuddað fætur hennar frá miðju læri og mjaðmir. Kvaðst hann hafa nuddað á hliðinni á rasskinninni. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa lyft stuttbuxum brotþola yfir rasskinnina. Þvert á móti hafi hann beðið brotþola um að laga buxur sínar þegar þær hafi verið komnar of ofarlega. Aðspurður kvað ákærði brotþola ekki hafa kallað á móður sína meðan á þessu stóð. Ákærði kvaðst aldrei hafa rasskellt brotþola, en kannaðist aftur á móti við að hafa stundum „danglað“ í rass hennar með handabakinu. Einnig hafi hann „danglað“ í rass vitnisins E. Þetta hafi hann gert í gríni. Þær hafi stundum í fíflagangi hlaupið fram hjá ákærða og „danglað“ í hann, og hann þá gert slíkt hið sama við þær. Síðar hafi móðir brotþola, vitnið C sagt ákærða að brotþola þætti þetta óþægilegt og hann hafi því hætt að „dangla“ í hana.

Vitnið E, vinkona brotþola, mætti til skýrslutöku hjá lögreglu þann 30. desember [...]. Greindi vitnið frá því að brotþoli hafi einn daginn eftir vinnu verið þreytt í líkamanum og að ákærði hafi boðist til þess að nudda hana. Vitnið hafi, ásamt brotþola, farið inn í [...] og ákærði hafi síðar komið inn með kókosolíu og sest á rúmið. Brotþoli hafi legið í [...] á maganum, og vitnið sjálf einnig setið í rúminu. Ákærði hafi setið á hnjám og lærum brotþola. Ákærði hafi nuddað bak brotþola, en síðar fært hendur sínar neðar, nuddað mjóbak brotþola og alveg undir buxnastræng hennar. Því næst hafi ákærði nuddað læri brotþola, þar á meðal innanverð lærin og upp undir stuttbuxur hennar. Kvað vitnið ákærða hafa ýtt stuttbuxum brotþola ofar og síðan nuddað rass hennar. Vitnið kvaðst halda að nuddið hafi staðið yfir í tíu mínútur. Aðspurð kvaðst vitnið sér hafa fundist þetta afar skrítið. Brotþoli hafi hins vegar ekki borið þess merki að henni hafi liðið illa eða skringilega. Vitnið greindi enn fremur frá því að hún hafi í nokkur skipti séð ákærða rasskella brotþola. Í eitt skipti hafi brotþoli staðið við lágan vegg og beygt sig fram yfir hann og ákærði þá gengið fram hjá henni og rasskellt hana. Brotþoli hafi beðið ákærða um að gera þetta ekki og ákærði þá sagt „þér gæti líkað vel við það“. Kvaðst vitnið halda að brotþoli hafi síðar talað við móður sínar, vitnið C, og sagt henni að biðja ákærða um að hætta þessu. Einnig hafi ákærði rasskellt vitnið einu sinni eða tvisvar, en hún kvaðst alltaf hafa reynt að sveigja sér frá. Vitnið kvaðst hafa sagt brotþola að biðja móður hennar um að tala við ákærða og segja honum að hætta þessu.

Gerð var leit af hálfu lögreglu bæði í farsíma ákærða og fartölvu. Hvorki fannst þar saknæmt efni né upplýsingar sem varða sakarefni máls þessa. Hins vegar vakti athygli lögreglu að í síma ákærða hafi fundist gögn um að hann hafi skoðað mikið af „litlum myndavélum“, svo sem myndavélum sem hægt væri að koma fyrir í sólgleraugum og pennum.

Ákærði mætti til skýrslutöku hjá lögreglu öðru sinni þann 6. mars [...]. Voru þá borin undir hann þau gögn sem fundust í farsíma hans. Kvaðst ákærði hafa leitað eftir litlum myndavélum [...].

Í greinargerð F félagsráðgjafa hjá D, dagsett 30. nóvember [...], er brotþoli sögð sýna sterk einkenni vanlíðanar. Brotþoli eigi erfitt með svefn og sé óróleg á næturnar og þá hafi hún átt erfitt með að sinna námi. [...]. Þá forðist hún margmenni því hún sé hrædd

um að einhver sé að horfa á hana eða muni snerta hana gegn hennar vilja. Hún sé stöðugt á varðbergi, eigi erfitt með að treysta fólki og hún kvíði því að mæta til vinnu þar sem hún óttist að mæta ákærða eða öðrum úr hans fjölskyldu. Eitt sinn hafi hún mætt bifreið ákærða og í kjölfarið upplifað mikla vanlíðan. Minningar sem áður hafi verið góðar valdi brotaþola nú ógleði og kvíða. Er það álit félagsráðgjafa að brotaþoli glími við vanlíðan, hegðunarbreytingar og forðunarhegðun. Þá hafi brotaþoli verið greind með kvíða og taki við honum lyf.

II.

Við aðalmeðferð gáfu skýrslu auk ákærða og brotaþola, C móðir brotaþola, F félagsráðgjafi, G félagsráðgjafi, E vinkona brotaþola, H sálfræðingur og lögreglumaður nr. 1715.

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að ákærði hefði verið [...] móður brotaþola og þau hefðu búið saman [...]. Kvað hann ásakanir móður brotaþola í hans garð um brot hans gegn brotaþola hafa verið kornið sem fyllti mælið og gert út um samband þeirra. Þá kvaðst ákærði ekki geta fyrirgefið móður brotaþola fyrir að ásaka hann um brot gegn brotaþola. Kvaðst hann hafa átt mjög gott samband við brotaþola allt fram til september árið [...]. Hafi hann litið á brotaþola sem sína eigin dóttur og alið hana upp sem slíka. Aðspurður um sakarefnið kvaðst ákærði á sínum yngri árum hafa lært nudd, en þó ekki klárað það nám, en síðar starfað lengi [...] og því þekki hann vel til „anatómíunnar“ (í líffærafræði) og hvar eigi að nudda og hvar ekki. Kvaðst ákærði hafa nuddað brotaþola að hennar beiðni og frumkvæði. Hún hafi kennt til í öxlum, herðablöðum, mjóbbaki og kálfum eftir langan vinnudag [...]. Brotaþoli hafi legið á maganum í [...] og ákærði staðið við hlið rúmsins. Þá hafi E vinkona brotaþola legið við hlið brotaþola og verið viðstödd allan tímann. Hafi hann byrjað á að nudda axlir brotaþola og unnið sig niður mjóbbakið að spjaldhryggnum. Hafi ákærði síðan farið niður á lærvöðva og nuddað niður að hné og niður kálfa. Þá lýsti ákærði því hvernig hann hafi nuddað stóra vöðvann neðan við spjaldhrygg, „maximus“ fyrir ofan rassinn. Kvaðst ákærði aldrei hafa nuddað hana nálægt kynfærum eða rassi, né heldur við nára. Kvaðst ákærði þó hafa beðið brotaþola að færa buxnastrenginn aðeins neðar, svo hann kæmist betur að vöðvanum. Lýsti ákærði því að hann hefði nuddað hana á lærum, um 10-15 cm fyrir ofan hné. Kvaðst ákærði hafa rætt við brotaþola á meðan nuddinu stóð. Þá kvaðst ákærði ekki hafa greint annað en að

brotapola liði vel á meðan nuddinu stóð, nema þegar hann hafi hitt á auma punkta. Hafi brotapolí verið að spjalla við vinkonu sína á meðan nuddinu stóð og þær verið að hlæja og gantast. Kvaðst ákærði tvívegis hafa nuddað brotapolu að hennar beiðni og framangreint hafi verið síðara skiptið. Aðspurður um rasskellingar kvaðst ákærði aldrei hafa rasskellt börn og teldi hann orðanotkun í ákæru ekki rétta. Kvað hann atvik hafa æxlast þannig að um grín hafi verið að ræða í samskiptum ákærða og brotapolu. Stundum hafi brotapolí slegið í ákærða og stundum hefði hann gert eins við hana. Lýsti hann því að þau hefðu verið að ýta við hvort öðru eða slegið með handarbaki í rass, bak eða annað. Kvað hann þetta ekki hafa verið daglegt, heldur bara tilfallandi og tilviljanakennt. Ítrekaði ákærði að þetta hafi verið samskiptamynstur þeirra og hann skildi ekki alveg af hverju þetta væri undir í málinu. Kvaðst ákærði engan ásetning hafa haft til að brjóta á brotapolu með þessu. Þó kvað ákærði móður brotapolu hafa komið til máls við hann og sagt brotapolu hafa þótt þetta óþægilegt, en það hafi aldrei komið fram hjá brotapolu sjálfri. Hafi ákærði hætt þessu eftir athugasemdir móður brotapolu, í ákveðinn tíma, en síðan hafi þetta samskiptamynstur þeirra byrjað aftur að frumkvæði brotapolu. Þá kvað ákærði vinkonu brotapolu hafa verið með í þessum leikaraskap þeirra og hlegið að því sömuleiðis.

Í framburði brotapolu fyrir dómi kom fram hún hafi bæði átt gott og slæmt samband við ákærða. Henni hafi ekki alltaf liðið vel á heimilinu og mikið hafi verið um rifrildi milli ákærða og móður brotapolu. Aðspurð um hvort ákærði hafi slegið hana á rassinn kvað brotapolí ákærða hafa rassskellt hana oft, er brotapolí var á aldrinum 12-15 ára. Kvað brotapolí ákærða alltaf hafa látið eins og þetta væri eitthvað grín, en brotapolu þótt það mjög óþægilegt. Þegar ákærði hafi farið að gera þetta við vinkonu brotapolu hafi hún rætt við móður sína og beðið hana að ræða við ákærða og fá hann til að hætta þessu. Kvað brotapolí ákærða hafa viðhaft þessa háttsemi í vitna viðurvist, fyrir framan móður brotapolu og E vinkonu brotapolu. Hafi þetta gerst oft, oftast en einu sinni og oftast en tíu sinnum. Hafi þetta oftast gerst á kvöldin þegar þau hafi verið að stússast í kringum kvöldmatinn eða eftir kvöldmat. Hafi brotapolu þótt þessi háttsemi ákærða mjög óþægileg, sérstaklega þegar ákærði hafi á sama tíma viðhaft ummælin „Æj nei djók, þú gætir filað þetta.“ Brotapolí hafi þó ekki þorað að ræða þetta við móður sína, ekki fyrr en vinkona brotapolu hafi kvartað undan þessu. Þá kvaðst brotapolí ekki hafa viljað ræða þetta sjálf við ákærða. Kvað brotapolí ákærða hafa hætt þessu um tíma en byrjað aftur

eftir kannski mánuð. Aðspurð um hvort brotápoli hafi einhvern tímann haft frumkvæðið kvaðst brotápoli aldrei hafa slegið ákærða á rassinn, en kannski eitthvað slegið til hans eða ýtt, í öxlina til dæmis. Kvaðst brotápoli alltaf hafa þótt þetta óþægilegt og ekki tekið þessu sem djóki þrátt fyrir orð ákærða um að um grín væri að ræða. Aðspurð um nuddið sem lýst er í ákæru kvað brotápoli þetta hafa verið um kvöld í febrúar að hún taldi. Kvaðst brotápoli oft fá mjög illt í bakið ef hún situr eða stendur lengi í sömu stöðu, líkt og hafi verið í þáverandi vinnu hennar. Hún hafði verið á 10 tíma vakt og fundið til í bakinu eftir vaktina. Kvaðst brotápoli hafa haft orð á þessu við ákærða og hann boðist til að nudda hana. Hafi brotápoli ekki þótt það óeðlilegt þar sem ákærði hefði oft áður nuddað á henni bæði kálfa og bak. Hafi brotápoli lagst upp í rúm í náttfötunum. Hafi vinkona brotápoli verið með henni og einnig verið í rúminu og ákærði farið að sækja kókosolíu, sem brotápoli hafi þótt frekar skrítið enda það ekki verið vaninn. Hafi ákærði byrjað að nudda á henni bakið líkt og vant var, en síðan fært sig neðar bakið og síðan fært sig niður á lærin, sem brotápoli kvaðst ekki skilja þar sem hún hafi ekki kennt sér meins í lærum. Síðan hafi ákærði farið að nudda brotápoli undir stuttbuxum er hún íklæddist, bæði undir skálmum og streng og þá nuddað á henni rasskinnarnar. Aðspurð kvaðst brotápoli eingöngu hafi kennt sér meins efst í bakinu, á milli herðablaðanna. Þá kvaðst brotápoli hafa liðið óþægilega á meðan nuddinu stóð og hafi hún reynt að kalla á móður sína en hún ekki svarað kallinu. Kvaðst brotápoli ekki hafa vitað hvað hún ætti að gera. Hafi ákærði spurt hana á meðan nuddinu stóð hvort hún væri með hnúta hér og þar og hún svarað því til að svo væri ekki við rass og læri.

Í framburði C, móður brotápoli, fyrir dómi kom fram að hún hafi orðið vitni að því þegar ákærði hafi slegið brotápoli í rassinn. Þegar vitnið hafi rætt við ákærða eftir að brotápoli og vinkona hennar hafi kvartað yfir þessari háttsemi hans hafi hann brugðist illa við og borið því við að þetta væri bara grín og hvort ekkert mætti. Þó hafi ákærði látið af þessu tímabundið. Þá kom fram hjá vitninu að brotápoli hafi þótt þetta óþægilegt. Hvað nuddið varðar kom fram hjá vitninu að umrætt sinn hafi brotápoli verið búin að vinna langan vinnudag og kvartað undan verk í baki og hafi ákærði boðist til að nudda hana. Kvaðst vitnið hafa verið frammi á meðan nuddinu stóð en komið svo inn þegar brotápoli kallaði til hennar. Hafi hún þá séð hvar brotápoli lá í rúminu og hafi verið olía á henni allri, ekki bara á baki, heldur einnig á rassi og lærum. Hafi vitninu brugðið en ákærði farið í vörn og reynt að bera við að þar væru aumir punktar.

Í framburði vitnisins E, vinkonu brotþola, fyrir dómi kom fram að vitnið hefði verið mikið inni á heimili ákærða og brotþola. Vitnið kvað aðstæður á heimilinu hafa verið skrítnar og hún oft ekki vitað hvað var í gangi. Þá kvað vitnið samskipti ákærða og brotþola sömuleiðis hafa verið skrítnin og þau rifist mikið. Vitnið kvaðst hafa orðið vitni að nuddi því sem lýst er í ákæru. Kvað vitnið ákærða hafa boðist til að nudda brotþola, þar sem hún hafi kvartað yfir verk í baki eftir langan vinnudag. Hafi ákærði sótt kókosolíu að hún hélt og nuddað brotþola með henni. Þá kvað vitnið ákærða hafa farið undir buxur brotþola á meðan nuddinu stóð, en brotþoli hafi íklæðst stuttbuxum, með lausum sniði. Hafi ákærði byrjað að nudda efra bak brotþola og síðan fært sig niður á neðra bak og þá farið undir buxur brotþola. Þá hafi ákærði fært nuddið niður á læri og þar í kring, undir rassinum, og kvaðst vitnið ekki muna nú hvort ákærði fór undir buxur hennar þá líka. Þegar borin var undir vitnið framburður þess efnis hjá lögreglu kvaðst vitnið hafa munað atvik betur þá og taldi að þar væri atvikum rétt lýst. Þá kvaðst vitnið hafa hugsað að hún myndi ekki vilja vera í stöðu brotþola en ákvað að segja ekkert þar sem brotþoli hafi ekkert sagt á meðan nuddinu stóð. Kvað vitnið að hún hefði ekki viljað láta snerta sig svona, t.d. á innanverðum lærum og neðarlega á baki svo nærri rassi. Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna hvort móðir brotþola hafi komið inn í herbergið á meðan nuddinu stóð. Þá kvaðst vitnið hafa orðið vitni að því þegar ákærði rassskellti brotþola auk þess sem ákærði hafi einnig gert það við vitnið. Kvað vitnið oft hafa verið einhvern fíflagang í gangi, en svo hafi ákærði gengið fram hjá brotþola og rassskellt hana. Kvaðst vitnið hafa orðið vitni að slíku oftari en einu sinni. Kvaðst vitnið vita til þess að brotþoli hafi talað við móður sína um að biðja hana að tala við ákærða og fá hann til að hætta þessu gagnvart vitninu. Hafi hann gert það en vitnið gat ekki svarað því til hvort hann hefði sömuleiðis látið af háttseminni gagnvart brotþola.

Ekki þykja efni til að rekja framburð annarra vitna sérstaklega, en vikið verður að honum í niðurstöðu eftir því sem þurfa þykir.

III.

Ákærða er í máli þessu gefið að sök kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa á árinu [...] til febrúar eða mars [...], brotið gegn stjúpdóttur sinni með því að slá stúlkuna í fjölda skipta á rassinn og í eitt skipti nuddað beran rass hennar, læri og innanverð læri. Í

ákæru er háttsemi ákærða talin varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Byggir ákærði einkum á því að ekki verði séð, með vísan til málsatvika og þeirra gagna sem fyrir liggja í máli þessu, með hvaða hætti hann á að hafa brotið gegn þeim ákvæðum sem tilgreind eru í ákæru. Fyrir liggir að ákærði hafi í nokkur skipti að beiðni brotþola nuddað hana á þann hátt sem hún hafi óskað eftir hverju sinni. Meðan á því nuddi stóð, er mál þetta varðar, hafi vinkona brotþola verið viðstödd allan tímann. Þá hafi móðir brotþola einnig komið í dyragættina og séð hvað þar hafi farið fram. Engar athugasemdir hafi þó komið fram af hálfu nokkurs aðila. Þá komi fram í framburði brotþola hjá lögreglu að ákærði hafi aldrei nuddað nærri kynfærum hennar. Ákærði hafi hvorki nuddað beran rass hennar né innanverð læri. Aldrei hafi komið fram hjá brotþola að nuddið hafi verið í andstöðu við vilja hennar eða að hún hafi orðið vör við eða upplifað kynferðislega áreitni af hálfu ákærða við framkvæmd þess. Hvað meintar rassskellingar varðar byggir ákærði á því að aldrei hafi annað legið að baki en stríðni milli ákærða og brotþola sem oft hafi verið að frumkvæði brotþola. Ákærða sé gefið að sök að hafa um langt tímabil viðhaft meintar rassskellingar, en í verknaðarlýsingu í ákæru komi ekki fram tímasetningar. Ljóst sé af framburðum ákærða og brotþola hjá lögreglu að þær hafi næstum því verið venja og ætíð tengdar „djóki“, ærslum eða leikjum, sem hafi markast af því að annar aðilinn hafi haft frumkvæði af því að ýta við hinum í stríðni og jafnvel slá í líkama, þar með talinn rass. Þetta hafi fyrst og fremst verið til gamans gert af hálfu beggja og byggir ákærði á því að aldrei hafi komið fram, hvorki í skýrslugjöf hjá lögreglu né annarsstaðar, að brotþoli hafi upplifað þessa hegðun ákærða sem kynferðislega áreitni. Það hafi ekki verið fyrr en löngu síðar og ekki fyrr en að loknu samtali brotþola við móður sína í aðdraganda skýrslugjafar hjá lögreglu sem brotþoli hafi upplifað þá hegðun sem kynferðislega áreitni.

Í 199. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum, er því lýst hvað telst til kynferðislegrar áreitni í skilningi laganna. Segir þar: „[k]ynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan“.

Í framburði ákærða fyrir dómi ítrekaði ákærði að hinar meintu rassskellingar hefðu eingöngu verið „dangl“ í gríni og hefði ákærði engan ásetning haft til að brjóta gegn brotþola með háttsemi sinni. Þá bar ákærði, líkt og að framan greinir, að hann hefði lært nudd og væri vel að sér í líffærafræði. Því hafi umrætt nudd verið veitt af þekkingu en ekki í þeim tilgangi að brjóta á brotþola. Kom sérstaklega fram hjá ákærða hvað þetta varðaði að „maximus“ væri stærsti vöðvi líkamans, sem leitt gæti verk upp bakið og því hafi hann nuddað hann. Þá hafi ákærði nuddað læri hennar þar sem hún hafi kvartað yfir verk í kálfum. Neitaði ákærði þó að hafa nuddað rass brotþola, eða farið undir fatnað hennar en kvaðst þó hafa beðið hana að færa buxur svo hann kæmist betur að umræddum „maximus“ vöðva.

Ekki er í máli þessum gögnum til að dreifa sem varða sakarefni málsins beint önnur en framburður aðila og vitna. Ljóst er því að í málinu stendur orð gegn orði, bæði hvað varðar ásetning ákærða sem og upplifun brotþola á atvikum máls. Við mat á trúverðugleika framburðar aðila verður ekki framhjá því litið að ákærði, sem kveðst vera vel að sér í líffærafræði, neitar að hafa nuddað rass brotþola, en lýsti því þó sjálfur fyrir dómi að hafa nuddað hana á stærsta vöðva líkamans „maximus-vöðva“ sem liggi við spjaldhrygg. Alkunna er að stóri rassvöðvinn tengist spjaldhrygg að ofanverðu og lærlegg að neðanverðu og ber latneska heitið gluteus maximus. Er þannig innbyrðis ósamræmi í framburði ákærða hvað þetta varðar þótt hann viðurkenni ekki að hafa nuddað rass brotþola. Brotþoli hefur lýst því fyrir dómnum á trúverðugan hátt hvernig ákærði bar sig að, bæði hvað varðar nudd það sem lýst er í ákæru, sem og því hvernig hann hafi slegið hana á rass líkt og þar er lýst og hvernig hún upplifði framangreindi háttsemi hans. Er framburður brotþola í meginatriðum í samræmi við framburð hennar hjá lögreglu og á sér auk þess stoð í framburði vitnisins E sem og framburði móður brotþola, en framburður þeirra er að mati dómsins einnig stöðugur og trúverðugur.

Hvað varðar þá háttsemi ákærða að hafa ítrekað slegið á rass brotþola verður ekki framhjá því litið að á umræddum tíma, sem óumdeilt er að atvik áttu sér stað, var brotþoli rétt komin á táningsár, en ákærði fullorðinn maður og hennar eina föðurímynd. Er það mat dómsins að ekki sé unnt að fallast á það með ákærða að umrædd háttsemi hans feli eingöngu í sér glettni og leik, enda megi ljóst telja að leggja megi að jöfnu hvort strokið er eða slegið á rass og hvoru tveggja teljist brot gegn ákvæði 2. mgr. 202. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 199. gr. laganna, eins og þau hafa verið túlkuð í dómaframkvæmd.

Að öllu framangreindu virtu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Ákærði hefur borið fyrir sig að háttsemin hafi ekki verið af kynferðislegum toga af hans hálfu og hann hafi ekki haft ásetning til að brjóta gegn brotþola. Á þetta verður ekki fallist. Er það mat dómsins að háttsemi ákærði falli undir skilgreiningu hegningarlaga á kynferðislegri áreitni, sem áður er lýst, en gögn málsins bera enn fremur með sér að ákærði hafi í einhver skipti viðhaft kynferðislegt tal við brotþola í tengslum við 15 ára afmæli hennar. Er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að háttsemi ákærða hafi verið af kynferðislegum toga, enda hafi það verið upplifun brotþola, sem og vitnisins E, sem þó hafi fyrir aldurs sakir ekki gert sér fyllilega grein fyrir því á umræddum tíma.

Er þannig hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er það réttilega heimfærð til refsíákvæðis. Hefur hann unnið sér til refsingar samkvæmt því. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar þykir mega líta til þess að alllangt er um liðið frá broti ákærða, án þess að hann eigi þar sök á. Að öðru leyti þykir ákærði ekki eiga sér sérstakar málsbætur. Verður og til þess að líta að brotþoli var á umræddum tíma stjúpðóttir ákærða og trúnaðarsamband á milli þeirra.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði. Að virtum þeim tíma sem liðinn er frá broti ákærða, sem og hreinum sakaferli hans, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með háttsemi sinni gagnvart brotþola umrætt sinn hefur ákærði bakað sér bótaskyldu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sem og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er hæfilegt að ákærði greiði brotþola 1.250.000 krónur í miskabætur og skulu bæturnar bera vexti og dráttarvexti eins og í dómsorði greinir, en ákærða var kynnt bótakrafa brotþola í skýrslutöku hjá lögreglu þann 6. mars 2023.

Með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur samkvæmt yfirliti lögreglu samtals 147.250 krónur auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Lúðvíks Bergvinssonar lögmanns, sem eru hæfilega ákveðin 2.256.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, aksturskostnað hans að fjárhæð 33.840 krónur og málsvarnarlauna skipaðs réttargæslumanns brotþola, Krístrúnar Elsu Harðardóttur lögmanns, sem eru hæfilega ákveðin 1.289.600 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sjö mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, B, miskabætur að fjárhæð 1.250.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 24. maí 2021 til 6. apríl 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað, alls 3.726.690 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lúðvíks Bergvinssonar lögmanns, 2.256.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og aksturskostnað hans að fjárhæð 33.840 og málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Krístrúnar Elsu Harðardóttur lögmanns, 1.289.600 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Einar Karl Hallvarðsson